



Allsherjar- og menntamálanefnd

Tjarnargata 9  
101 Reykjavík

Dagsetning 19. júní 2024  
Málsnúmer DMR23120171

## Niðurlagning sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá

154. löggjafarþing 2023-2024, 903. mál

Í 2. mgr. 6. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá er sýslumanni heimilt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að leggja niður staðfestan sjóð eða stofnun. Við ritun frumvarpsins var m.a. haft samráð við sýslumanninn á Norðurlandi vestra sem fer með málefni sjóða og stofnana. Sýslumaður hefur bent á að þörf sé á að breyta ákvæðinu um niðurlagningu sjóða og stofnana þar sem torvelt hefur reynst að leggja niður sjóði og stofnanir sem ekki hafa verið með starfsemi í nokkurn tíma. Í a-lið 13. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög og lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá er lagt til að sýslumanni verði jafnframt heimilt að leggja niður sjóð eða stofnun hafi hún ekki skilað ársreikningi í tvö ár í röð. Eignum skal varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum sjóðs eða stofnunar og til þess að standa undir kostnaði sem hlýst af niðurlagningu sjóðs eða stofnunar.

Til umræðu hefur verið hjá nefndinni hvort umrætt ákvæði í a-lið 13. gr. frumvarpsins samræmist ákvæði 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands um félagafrelsi. Sjóðir og stofnanir sem falla undir löggin eru sjálfseignarstofnanir en ekki félög (sbr. skilgreining á sjálfseignarstofnun í Lögfræðiorðabók með skýringum eftir Pál Sigurðsson). Þar af leiðandi á 74. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi ekki við um umrædda sjóði og stofnanir.

Fyrir hönd ráðherra

  
Berglind Bára Sigurjónsdóttir

  
Ólöf María Vigfúsdóttir